

# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Bassi óskast.

Á ekki einhver bassa í geymslunni hjá sér sem að hann er hættur að nota og vill selja fyrir sanngjarnt verð?

**Ef svo er þá vinsamlegast hafið samband í s: 663-1577**

## UMF Katla auglýsir

Nú fer senn að líða að aðalfundi hjá Kötlu og er það ljóst að okkur vantar formann og meðstjórnanda, einhvern sem hefur metnað og áhuga.

**Áhugasamir hafi samband við stjórnina.**

**Guðný 659-8811**

**Vigfús Þór 848-2656**

**Þorbjörg 847-1858**

**Petra 866-0786**

**Adrína 896-3433**

SMÁAUGLÝSINGAR



## Sveitarstjórn

Mýrdalshrepps er boðuð til fundar fimmtudaginn 21. janúar 2010 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps [www.vik.is](http://www.vik.is)

Sveitarstjóri

## Kirkjuskólinn í

## Mýrdal

Minni á samveru kirkjuskólans í Mýrdal í Víkurskóla næsta laugardag kl. 11:15-12:00.

Sóknarprestur



## Halldórskafla

Þorablótsdag Víkurbúa þann 23. janúar verðum við með opið milli kl 17:30 – 19:00 fyrir barnapíupizzur út. Halldórskafla



Sími 487 1202

**3. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 20. JANÚAR 2009**

# KJARVAL

Goða þorrabakki  
**1498** kr./kg

## Hagkerfið í heimabyggð

<p>Frosin lambasvið <b>298</b> kr./kg</p>	<p>25% afsláttur Kea hangikjöt sóðið <b>2448</b> kr./kg</p>	<p>20% afsláttur Goða saltkjöt blandað <b>869</b> kr./kg</p>	
<p>Emmess hnetu og daimtoppar <b>698</b> kr./pk.</p>	<p>Kúttur marineruð sild 565g <b>499</b> kr./stk.</p>	<p>Goða þorramatur í fötu 1,2 kg <b>2398</b> kr./stk.</p>	<p>Eyjabiti harðfiskur roðlaus <b>549</b> kr./pk.</p>
<p>Allra salernisrúllur 12 stk. <b>559</b> kr./pk.</p>	<p>10% afsláttur AB mjólk 4 teg. 0,5 l <b>223</b> kr./stk.</p>	<p>Rófur <b>99</b> kr./kg</p>	<p>Stjörnu rófustappa <b>249</b> kr./stk.</p>

KJAVAL Kjaustur: Sími: 487 4616 Vík: Sími: 487 1325 Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPUNARTÍMA Á [WWW.KJARVAL.IS](http://WWW.KJARVAL.IS)

# U.M.F. Ármann

leitar að aðila/aðilum til að taka að sér  
að skrásetja 100 ára sögu ungmennafélagsins.

Af sama tilefni óskar félagið eftir myndum af starfinu  
í gegnum tíðina og ef einhver lumar á pistlum eða greinum  
frá starfinu væru þeir einnig vel þegnir.

Áhugasamir hafi samband við Sigga Gunn í síma 868-3287  
eða á [supergormur@hotmail.com](mailto:supergormur@hotmail.com)

## Hestaáhugafólk athugið.



Fyrirhugað er námskeið á vegum hestamannafélagsins Sindra  
há hinum alkunna Magga Lár með áherslu á töltþjálfun.

Hugmyndin er að byrja fyrsta fimmtudag febrúarmánaðar, eftir  
hád. og hittast svo aftur með hálfmánaða millibili í samtals 3  
skipti. Námskeiðið verður haldið í Eyjarhólum.

**Upplýsingar og skráning hjá:**

**Hjördísi Rut í síma 861 0294 eða netfangið [sudur-foss@simnet.is](mailto:sudur-foss@simnet.is)**

**Árna Gunnarssyni í síma 893 9438**

### Mýrdalshreppur:

#### Sveitarsjóður rekinn með afgangi

Gert er ráð fyrir liðlega 11 milljóna króna  
afgangi af rekstri sveitarsjóðs Mýrdalshrepps á  
þessu ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Bæði  
tekjur og gjöld dragast saman á milli ára, en  
launakostnaður eykst.

Útsvar verður hið sama og fyrr. 13,28 prósent  
en álagningarhlutfall á fasteignir í A-flokki  
verður lækkað, en fasteignamat íbúðarhúsnæðis í

Vík hefur hækkað talsvert. Gjaldskrárhækkanir  
fylgja að mestu vísitölu, en gjaldskrá sorphirðu  
hækkar þó um fimmtung.

Fjárfestingar á þessu verða talsverðar, t.a.m.  
vegna sjóvarnargarðs í Vík, borun eftir heitu  
vatni og lagningar á bundnu slitlagi í kaupútn-  
inu. Þá er enn gert ráð fyrir jákvæðum rekstri  
ársins 2009.

*Sunnlenska Fréttablaðið 14. janúar 2010.*

### LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 4. til 18. janúar 2010  
(tvær vikur)

Alls voru 134 mál skráð þessar tvær vikur  
há lögreglunni á Hvolsvelli.

Þar af voru 22 öikumenn stöðvaðir fyrir að  
aka of hratt. Sá sem ók hraðast var á 147 km.  
hraða í Eldhrauni vestan við  
Kirkjubæjarklaustur. Hann má eiga von á  
sviptingu ökuleyfis og hárrí sekt fyrir brotið.

Það má segja að þessar tvær s.l. helgar hafi  
verið mjög góðar hjá okkur á svæðinu.  
Engar líkamsárásir voru kærðar. Á þessum  
tíma var enginn ökumaður stöðvaður  
grunaður um að hafa ekið undir áhrifum  
áfengis eða fíkniefna. Nú fara í hönd  
Þorablotin og eru nú um hverja helgi haldin  
viðsvegar um okkar stóra umdæmi. Þessu  
fylgir hætta á að menn aki undir áhrifum  
áfengis. Höfum við kappkostað að að stöð-  
va og kanna með ástand á öikumönnum er  
þeir koma á þessar samkomur og einnig  
þegar þeir fara af stað að þeim loknum.

Margir koma einnig til okkar og fá að blása  
til að kanna hvort áfengi leynist í þeim. Það  
er þó góð regla að aka aldrei eftir neyslu  
áfengis. Margir skipuleggja hvernig þeir  
komast á blótin og til baka heim, með því að  
fá far eða þeir fá einhvern til að aka fyrir sig,  
en er það mjög góð regla. Þetta snýst bara  
um hugarfar gagnvart þessu. Það getur verið  
sárt að missa ökuréttindi sín og í dag eru  
viðurlög mjög ströng og sviptingar langar.  
Þó maður tali nú ekki um afleið-ingarnar ef  
slys hlýst af.

Á þessum tveimur vikum urðu sjö umfer-  
ðaróhöpp í umdæminu. Þar af fjórir útafak-  
strar og bílveltur. Engin alvarleg slys urðu á  
fólki en allir voru í bílbeltum að því er við  
komumst næst. Launhált var sem átti þátt í  
þessum óhöppum. Rigning var sem fraus á  
veginum og var mjög erfitt að sjá hálkuna.

Annars erum við góðir hjá lögreglunni á  
Hvolsvelli en markmið okkar er að vera  
áfram með mikla og sýnilega löggæslu og  
vinna þannig að forvörnum í umferðinni.

**Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni,  
varðstjóra**

Áhugaverð síða til að skoða:

<http://www.kjorthornid.net>

### Á DÖFINNI

**23.01.2010** Þorablot Víkurbúa  
**Útskurðarnámskeið** 13. til 14. febrúar, uppl  
í sínum 487-1163 og 865-7047

**Prjónakaffið** á Halldórskafti fimmtu-  
dagskvöldið 21. jan kl 20:00.

**Minum á** folalda og trippasýninguna sem  
halda á að Syðri Fljótum laugardaginn 23.  
janúar og hefst kl. 13.

**Fyrirhugað** er námskeið á vegum hesta-  
mannafélagsins Sindra hjá hinum alkunna  
Magga Lár með áherslu á töltþjálfun. fyrsta  
fimmtudag febrúarmánaðar, eftir hád.

**Vinnuvélanámskeið** verður haldið á  
Hótelinu í Vík og hefst 5 febrúar kl. 17.00

**Meiraprófnámskeið** byrjar í Vík 5. febrúar  
2010.

### Nýtt símanúmer

á Hjallatúni í Vík

**Tryggvi Ólafsson frá Skeiðflöt  
s. 487 1280**

### MÁLSHÆTTIR VIKUNNAR

**Aumur** er barnlaus bær.

**Aumt** er ástlaust líf.

**Augu** húsbóndans gera meira en hendur  
hans.

**Auðkenndur** er asinn á eyrunum.

**Athugalaus** maður gengur um skóginn án  
þess að sjá nokkurt tré.

**Annars** byrði er öðrum létt.

**Aldrei** er góð vísa of oft kveðin.

### Netverslunin - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,  
sendi um land allt.

**Engin sendingarkostnaður innan Íslands**  
Nýjar sendingar koma reglulega - skráið  
ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar  
sendingar koma reglulega - skráið ykkur á  
póstlistann og fylgist með

# Meirapróf - Vík

Meiraprófsnámskeið byrjar í Vík 5. febrúar 2010.

Upplýsingar og innritun í síma 894 2737 Knútur.



## Þorrablót

Á Íslandi er siður að halda þorrablót í febrúar. Þorrablót er veisla, þar sem Íslendingar borða hefðbundinn íslenskan mat, drekka brennivín, syngja íslensk lög, kveða vísur og dansa gömlu dansana. Fyrstu þorrablótin voru haldin í kaupstöðum á Íslandi á nítjándu öld. Það var fólk, sem hafði flutt úr sveitunum í kaupstaðina á Íslandi, sem hélt þau. Líklega vildi fólk þá fá að bragða matinn, sem það borðaði heima í sveitinni og hitta ættingjana úr sveitinni. Þorrablótin voru síðan haldin af áttahagafélögum, sem vildu minnast heimabyggðarinnar og sveitunganna. Íslendingar erlendis nota þorrablótin til að halda upp á íslenska menningu og borða íslenskan mat.

Þegar Ísland var dönsk nýlenda, var Íslendingum bannað að nota salt. (Annars hefðu þeir getað saltað fisk og selt til annarra landa. Þá hefðu þeir getað grætt eigin peninga og orðið sjálfstæðir.) En Íslendingar notuðu aðrar aðferðir við að geyma mat. Maturinn var reyktur, þurrkaður, súrsaður eða kæstur. Flestir þorramatsréttir eru gerðir með þessum aðferðum.

Áður voru engir skorsteinar á eldhúsum á Íslandi. Maturinn var eldaður á hlóðum. Reykurinn fyllti eldhúsið og fór út um gat á þakinu en var ekki leiddur upp gegnum stromp. Eldhúsið var fullt af reyk. Margar konur urðu blindar um miðjan aldur af reyknum. Lambakjöt, bjúgu, rauðmagar og annar matur var hengdur upp í þaksperrurnar og reyktur þar. Hangikjöt er enn talið besti veislumatur á Íslandi. Nú á tímum

framleiða Íslendingar reyktan lax í reykhusum til útflutnings.

Harðfiskur er þurrkuð fiskflök af þorski, ýsu eða steinbít. Harðfiskurinn er rifinn og borðaður þurr, án þess að vera matreiddur á nokkurn hátt. Oft er borðað smjör með honum eins og með brauði. Unga fólk á Íslandi borðar líka harðfisk. Hann er seldur í sjoppum og kvikmyndahúsum í plastpokum eins og poppkorn eða sælgæti. Hann er vinsæll þorramatur. Hann er léttur og næringarríkur og er oft notaður sem nesti í ferðalögum á sumrin.

Súrmeti var búið til á þann hátt, að matur var geymdur í tunnu með mjólkursýru. Á þorrablótum eru borðaðir súrir hrútspungar, lundabaggar, blóðmör, lifrarpýlsa og annað súrt. Súr hvalur er sérstaklega góður. Það er súrsað hvalspik. Súrmetið var áður geymt í tunnu á bæjunum og borðað í öll mál. Margir Íslendingar borða ennþá hafragraut með súru slátri (blóðmör eða lifrarpýlsu) á hverjum morgni.

Hákarl er venjulega óætur. En ef hann er grafinn niður í fjörusand í nokkra mánuði yfir veturinn, rotnar hann á sérstakan hátt og fær sterkt bragð, sem minnir á sterkan ost. Það er kallað kæstur eða verkaður hákarl. Íslendingum finnst hákarl góður með brennivíni. Sumir hafa reynt að selja hákarl í Evrópu og kalla hann fiskost (fromage de poisson). Skata er líka kæst. Á Vestfjörðum var siður að borða kæsta skötu á Þorláksmessu (23. desember).

tekið af [www.skrudda.org](http://www.skrudda.org)

# NÝI ÖKUSKÓLINN

Vinnuvélanámskeið verður haldið á Hótelinu í Vík og hefst 5. febrúar kl. 17.00, ef næg þátttaka næst.

Réttindi sem námskeiðið veitir: Vinnuvélanámskeiðið Nýja ökuskólans gefur rétt til prófs á **allar gerðir og stærðir** vinnuvéla. Námskeiðið er samkvæmt reglugerð Vinnueftirlits ríkisins nauðsynlegt til þess að geta gengið undir verklegt próf á vinnuvélar.

**Inntökuskilyrði:** 16 ára eða eldri.

Nánari upplýsingar eru á [www.meiraprof.is](http://www.meiraprof.is) eða hringja í Svavar í síma 822 4502



Þorsteinn Björn Einarsson t.h. var kosinn efnilegasti íþróttamaður Kötlu árið 2009 og Arnar Snær Ágústsson íþróttamaður Kötlu 2009.  
*Mynd: Jónas Erlendsson*



Eftir helgistund á Hjallatúni 17. janúar sl. spilaði Kári Gestsson, organisti nokkur lög á hið nýja píanó heimilisins

## Þorablót

### Búnaðafélags Dyrhólahrepps

verður haldið á Ketilsstöðum laugardaginn 6. febrúar 2010.



Nánar auglýst síðar

Munið að taka daginn frá  
Þorablótsnefndin

### Af gefnu tilefni skal enn minnt á auglýsingatíma Vitans.

Óskum við eftir að auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum.

Hægt er að senda á netpósti eða hringja inn auglýsingar alla aðra daga.  
Bestu kveðjur, útg.

## Folalda- og trippasýning

Minum á folalda og trippasýninguna sem halda á að Syðri Fljótum laugardaginn 23. janúar og hefst kl.13.

Síðasti skráningardagur er fimmtudagurinn 21. janúar.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá:  
Jóni Geir í síma **8655427** eða Kristínu Lár í síma **4874725**. Einnig er hægt að senda skráningu á netfangið **hmf.kopur@gmail.com**.

Fyrirhugað er að halda járníngarnámskeið helgina 6-7 febrúar. Leiðbeinandi verður Sigurður Torfi. Þeir sem hafa áhuga að mæta á námskeið skrái sig sem fyrst hjá Jón Geir eða Kristínu Lár.

*Nánari upplýsingar á*  
**www.hmf-kopur.bloggar.is**

Stjórn Hestamannafélagsins Kóps

### Og enn eru komin þorablót!

Ef allt fer, sem horfir, verður röð þorablótanna á hefðbundinni uppröðun, þ.e. í Vík laugard. 23. jan., á Klaustri laugard. 30. jan., á Ketilsstöðum laugard. 6. febrúar, í Tunguseli laugard. 13. feb. og Eyrarlandi laugard. 20. feb.

En að sjálfsgöðu geta alltaf þeir atburðir orðið sem breyta þessu, en svona lítur þetta út í dag.

Blótum Þorra þrumuglaðir það mun öllum veita styrk og eflaust verður einhver faðir ef að tæknin reynist virkt.

### Héraðsbókasafnið á Klaustri:

Opið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 13:00-15:30 einnig öll miðvikudagskvöld frá 20:00-22:00. Síminn þar er 487 4808.

### Héraðsbókasafn Ránarbraut 1 Vík:

Er opið mánudaga og miðvikudaga kl. 18:00 - 20:00 (báða daga)

## Áform um virkjanir í Skaftárhreppi

Virkjun í Hverfisfljóti er aftur komin á kortið, hið minnsta er gert ráð fyrir henni í aðalskipulagi sem er í endurskoðun í Skaftárhreppi auk þess sem Ragnar Jónsson bóndi í Dalshöfða skoðar möguleika á að koma upp 40 megavatta rennslisvirkjun á landareign sinni. Ragnar sagði í samtali við Sunnlenska ekki vilja gefa upp hvort eða hverjir kæmu að því að reisa slíka virkjun, en kostnaður við slíkt er svo mikill að hann réðist ekki í það einn. Afl frá slíkri virkjun kæmi inn í línur Landsnets en Ragnar segist helst vilja sjá orkuna nýtt í héraðinu.

Fyrir fáeinum árum voru uppi hugmyndir um smávirkjun í Hverfisfljóti, upprunalega var þar gert ráð fyrir 2,5 MW virkjun en frá því var horfið í kjölfar úrskurðar umhverfisráðherra að meta skyldi umhverfisáhrif slíkrar virkjunar þar sem hætta væri á raski sökum vegagerðar og framkvæmda við stöðvarhús. Gerð umhverfismats þótti dýrt og gera smávirkjun óhagkvæma og því heppilegra að vinna umhverfismat fyrir 15 megavatta virkjun. Þær upplýsingar sem urðu til þá nýttast að einhverju leyti ef haldið verður áfram með stærri virkjun. Hverfisfljót á upptök sín í Síðujökli í Vatnajökli og rennur í jaðri Eldhrauns sem kom fram í Skaftáreldum 1783.

Fleiri virkjunarmöguleikar eru í Skaftárhreppi. Þannig hyggst Þórarinn Kristinsson í Skál reisa 4 MW rennslisvirkjun í Skaftá og nýta orkuna í fódurverksmiðju fyrir fiskeldi.

Jafnframt eru uppi hugmyndir um virkjun í Hólsmá, sem kemur úr Torfajökli og Mýrdalsjökli og rennur niður vestan Skaftártungu. Lónsstæði væri norðan Atleyjar. Þar er talið mögulegt að búa til allt að 70 MW virkjun. Þá hefur einnig verið nefndur sá möguleiki að virkja Skaftá í Skaftárdal sem er viðamikil framkvæmd, sem talið er lengra í að verði ráðist í, en Suðurorka hefur sóst eftir þeirri framkvæmd.

*Sunnenska Fréttablaðið  
14. janúar 2010.*

## Sjóvarnargarður í höfn

Eitt hundrað milljónir króna fengust á fjárlögum ríkisins á þessu ári til gerðar sjóvarnargarðs í Víkurfjöru. Þetta dugir til að koma verkinu af stað á þessu ári að mati Sveins Pálssonar sveitarstjóra í Vík. Sveitarfélagið á að greiða 12,5 prósent kostnaðarins og því verður 12,5 milljónum króna varið til verksins af þess hálfu á þessu ári.

Kostnaðaráætlun við gerð varnargarðsins er þó um 200 milljónir króna og er reiknað með því að fjármögnun verði því kláruð á næsta ári að því er segir í bókum í fjárlögum. Takist að ljúka verkinu á þessu ári, líkt og reiknað er með, verður verktaki sem hlýtur verkið að fjármagna það sem upp á vantar þar til lokagreiðsla berst á næsta ári.

Sjóvarnargarður í Vík er mikið mannvirki, alls um 40 þúsund rúmmetrar af efni, stóru grjóti og öðru malarefni. Garðurinn verður um 700 metrar að lengd, allt frá Víkurá, vestur að Reynisfjalli. Kemur hann að stórum hluta ofan á núverandi malargarð en hækkar um einn og hálfan metra og verður alls um sjö metra yfir sjávarmáli. Framkvæmdatími er áætlaður um fjórir mánuðir. Námur eru til staðar, efnið í garðinn verður sótt í Eystri-Sólheimabeiði, sem er norðan við Pétursey. Þarf að aka með efnið um 25 kílómetra. Stórvirkar vinnuvélar þarf í verkið, en Sveinn sveitarstjóri segir að margir verktakar hafi grennslast fyrir um verkið. Hinsvegar er ekki búið að samþykkja aðalskipulag fyrir svæðið, og hefur það dregist talsvert vegna deilna um vegstæði hringveggarins. Skipulagið er í auglýsingu og vonast Sveinn til að það verði frágengið í vor. Hinsvegar sé heppilegra að framkvæmdir við sjóvarnargarðinn standi yfir utan helsta ferðamannatímans en til Víkur koma tugþúsundir ferðamanna, langflestir yfir sumartímann. "Aðalatriðið er hinsvegar að þessi mikilvægi sjóvarnargarður verði að veruleika á þessu ári," segir Sveinn.

*Sunnenska Fréttablaðið 14. janúar 2010*

## Söngáhugafólk.


**Samkór Mýrdælinga getur bætt við fólki í allar raddir.**

**Erum að skipuleggja spennandi vetrardagskrá.**

Áhugasamir hafið endilega samband við

**Kára s: 694-9966**

**Ragnheiði s: 663-1577**



nú eða bara mætið í Víkurkirkju kl 20:30

miðvikudaginn 20. jan.

Stjórn Samkórsins.

## FATAMARKAÐUR

## OG ÚTSALA

**Verður fimmtudaginn 21. janúar í kl. 14 - 18**

**í Félagsheimilinu Kirkjubæjarklaustri**

**Fyrir þorablótin:**

Nýr samkvæmisfatnaður í úrvali

Einnig nýjar buxur og peysur

**50% afsláttur af útsöluvörum, peysum, buxum og barnafatnaði**

**THEÓDÓRA sími 864 9673**

**Herraspariföt í úrvali á vægu verði**

**Einnig buxur, peysur, bolir og fl.**

**Andrés sími 862 6439**

# Þorrablot Víkurbúa



*haldið í félagsheimilinu Leikskálum  
laugardaginn 23. janúar n.k.*

Húsið opnar kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:00

Vinsamlegast sækjið pantaða miða  
í Leikskálum sama dag milli kl. 13 og 14

Við minnum á að aldurstakmark er 18 ár m.v.  
afmælisdag en ungmenni 16-18 ára eru velkomin í  
fylgd og á ábyrgð foreldra/forráðamanna

*Þeir sem ekki hafa náð sér í miða er bent á að hafa samband við  
Siggu Dóru í s:893-3873 eða 487-1245 fyrir fimmtudag 21. jan.*

Nefndin

## Þorraprællinn 1866

Nú er frost á Fróni,  
frýs í æðum blóð.  
Kveður kuldaljóð  
Kári í jötunmóð.  
Yfir laxalóni  
liggur klakaþil.  
Hlær við hríðarbyl  
hamragil.

Mararbára blá  
brotnar þung og há  
unnar steinum á  
yggld og grett á brá.  
Yfir aflatjóni  
æðrast skipstjórnin.  
Harmar hlutinn sinn  
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann  
hryggur búandinn:  
„Minnkar stabbinn minn,  
magnast harðindin. –  
Nú er hann enn á norðan,  
næðir kuldaél  
yfir móa og mel,  
myrkt sem hel.“

Bóndans býli á  
björtum þeytir snjá.  
Hjúin döpur hjá  
honum sitja þá.  
Hvítleit hringaskorðan  
huggar manninn trautt:  
Brátt er búrið autt,  
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir  
þetta harmakvein,  
en gefur grið ei nein,  
glíkur hörðum stein,  
engri skepnu eirir,  
alla fjær og nær  
kuldaklónum slær  
og kalt við hlær:

„Bóndi minn, þitt bú  
betur stunda þú.  
Hugarhrelling sú,  
er hart þér þjakar nú,  
þá mun hverfa, en fleiri  
höpp þér falla í skaut.  
Senn er sigruð þraut,  
ég svíf á braut.“

Kristján Jónsson (1842–1869) orti hið  
þekktu kvæði Þorraprællinn 1866

# Klausturbúar og nærsveitamenn!



Verðum á Kirkjubæjarklaustri  
dagana 27. til 31. janúar 2010

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu  
Upplýsingar í síma 861 9181

Heiðdís Steinsdóttir snyrtifræðingur  
og Þórhildur Karlsdóttir fóttaaðgerðarfræðingur

Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri (geymið auglýsinguna)

# Prestsbakkakirkja



Messa verður í Prestsbakkakirkju sunnudaginn 24.  
janúar kl. 14.00.

Kirkjukór Prestsbakkakirkju leiðir söng undir stjórn

Brians Roger Haroldssonar organista.

*Fermingarbörn vorsins eru hvött til að mæta með foreldrum sínum.*

Sóknarprestur.

## Hugsað heim.

Þó að leið mín liggi hér  
um langar brattar hæðir  
oft í huga annað fer  
ein í ró og næði.

Ef læðist ég um liðna tíð  
og lít á Vesturdalinn  
öll ég veit þar eru mín  
æskusporin falin.

Oft var glatt á hjalla hér  
við hljóm frá lækjarniði  
ótal leiki átti ég  
upp í stalli og gili.

Upp í Stalli, út á grund  
ótal margar ferðir  
að drullumalla um morgun-  
stund  
margoft það ég gerði.

Inni í bæ var móðir mín  
mat að elda og sauma  
stoppa í sokka, strjúka lín  
stöðugt var hún heima.

Marga sögu sagði mér  
svo var kveðin vísa,  
allt það sem ég átti hér  
ekki er gott að lýsa.

*Höf: Bergdís Jóhannsdóttir*